



SKÓLA- OG STARFSREGLUR VINNUSKÓLA FJALLABYGGÐAR

Skráning í Vinnuskóla Fjallabyggðar er heimil unglingum ef þeir uppfylla eitt eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum:

- Þeir hafa nýlokið námi í 8., 9. eða 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar.
- Hafa lögheimili í Fjallabyggð.
- A.m.k. annað foreldrið hefur lögheimili í Fjallabyggð.

Virðing fyrir skólareglum stuðlar að festu og vellíðan í starfi. Vinnutími nemenda er mislangur eftir aldri en lengd kaffitíma að morgni er 20 mínútur og 15 mínútur eftir hádegi. Matartími er frá kl. 12 – 13.

FYRIRMYNDARHEGÐUN

Reiknað er með að allir nemendur sýni af sér **fyrirmyndarhegðun** í vinnuskólanum og birtist hún m.a. í:

- Jákvæðni, kurteisi, stundvísi og vinnusemi
- Að fara eftir fyrirmælum flokkstjóra
- Ábyrgri notkun síma á vinnutíma
- Að sýna öðrum tillitsemi, vinskap og virðingu
- Að fara vel með verkfæri og eigur Vinnuskólans og annarra.

ÓÁSÆTTANLEG HEGÐUN

Óásættanleg hegðun telst meðal annars:

- Óhlýðni, ókurteisi, óstundvísi, leti og kæruleysi
- Myndband, mynd, upptaka tekin í leyfisleysi
- Að veitast að öðrum með meiðingum, slagsmálum eða hættulegu atferli
- Framkoma sem ber keim af einelti.
- Búðarápi á vinnutíma.

STARFSREGLUR FYRIR NEMENDUR OG LEIÐBEINENDUR

- Öll notkun tóbaks, níkótínþúða (líka rafsigarettur) og vímuefna er stranglega bönnuð í Vinnuskólanum
- Nemendum ber að mæta til vinnu klæddir eftir veðri og verkefnum. Nemendur útvega hlífðarfatnað s.s. vinnuvettlinga sjálfir. Góður skófatnaður er mjög mikilvægur.
- Heimilt er að hafa síma á sér í vinnutímanum og hafa tónlist í öðru eyra. Ekki er heimilt til að nota símann sem samskiptatæki á vinnutíma nema nauðsyn beri til og þá með leyfi flokkstjóra.
- Beri brýna þörf til að færa nemendur milli hópa er það ferli í höndum flokkstjóra Vinnuskóla
- Nemendur Vinnuskólans mega fara á milli vinnusvæða á hjólum og öðrum faratækjum. en ekki er heimilt að reiða aðra á faratækinu.
- Veikindi og önnur forföll skal tilkynna flokkstjórum við upphaf vinnudags.
- Laun eru ekki greidd ef senda þarf nemendur heim vegna veðurs eða óhlýni við flokkstjóra. Ekki eru greidd laun ef nemendur eru veikir.

VIÐBRÖGÐ VEGNA BROTA Á REGLUM

- Verði misbrestur á hegðun nemanda fær hann áminningu.
- Ef nemandi endurtekur óæskilega hegðun sína fær hann aðra áminningu og haft er samband við foreldra.
- Ef nemandi lætur ekki segjast t.d. ef nemandi kemur ítrekað of seint eða neitar að vinna ber flokkstjóra að draga óunnin tíma frá á vikulegri tímaskýrslu.
- Dugi ekki fyrri viðbrögð eða ef brotið er því alvarlegra er nemandum vísað heim og haft samband við foreldra.
- Vinnuskólanum er heimilt að vísa nemendum úr starfi varanlega eftir eðli brots eða ef áminningar og önnur viðbrögð hafa ekki skilað árangri. Yfirmaður Vinnuskóla kemur þó alltaf að málinu áður en til þess kemur.